

# Fundargerð

## 4. fundur.

Fundur haldinn í fræðslu- og menningarnefnd í Grunnskólanum á Þórshöfn 31.10.2006.

Mætt voru: Hilma Steinarsdóttir, Helgi Tryggvason, Arnar Einarsson, Óskar Haukur Óskarsson, Steinunn Guðnadóttir, Drífa Aradóttir, Guðni Hauksson og Jóhannes S. Jónsson.

## Dagskrá.

### 1. Mál. Skýrsla skólastjóra.

Arnar sagði frá því að þemavikan hefði komið vel út í heildina. Vikan endaði með dans- og listmunasýningu sem tókst með ágætum. Síðan fór af stað lestrarátak sem klárast í þessari viku. Það var haldið próf í lestri í upphafi og verður aftur í lok átaksins. Þannig næst að mæla framfarirnar og verðlaun verða miðuð við framfarir. Það eru komnir 2. nýir hefilbekkir í handavinnustofu. Langanesbyggð keypti annan en Sparisjóðurinn gaf hinn og var andvirði hans kr. 75.000,- .

### 2 Mál. Skýrsla leikskólastjóra.

Steinunn leikskólastjóri sagði að nýju borðin og stólarnir kæmu vel út. Það eru komnar út verklagsreglur um tilkynningar til barnaverndarnefndar ef grunur kemur upp um alvarleg mál varðandi barnavernd. Félags- og skólajónustan gefur þær út. Steinunn er að fara á námskeið sem heitir “ Stig af stigi “ og felst í að samræma starf leikskóla og neðri bekkja grunnskóla. Það er mat Steinunnar að þetta kerfi efli félagslegan þroska nemenda og komi vonandi í veg fyrir agavandamál.

Byrjað er að taka 5 ára börnin í “ Hljóm ” próf sem eru lestrarpróf og greina vandamál í framtíðinni í lestri.

### 3. Mál. Bréf frá foreldrum 6. bekkjar á Þórshöfn varðandi stuðningsfulltrúa.

Það er mat nefndarinnar að málið sé nú í réttum farvegi. Formaður mun svara erindinu formlega..

### 4. Mál. Innsend erindi.

Að kaupa lokaverkefni um “ Tilgangur og árangur sameininga grunnskóla 1996-2004 eftir Óskar J. Sandholt, meistaraþrófnema í KÍ. Verkefnið kostar kr. 20.000,- en 16.000,- sem PDF. Nefndin og aðrir fundarmenn voru sammála um að mæla ekki með þessum kaupum.

### 5. Mál. Leiktæki fyrir leikskólann á Bakkafirði.

Staða málsins kynnt og verður það unnið áfram.

### 6. Mál. Fréttabréf nefndarinnar.

Samþykkt að fá að setja tilkynningu í fréttabréf Langanesbyggðar þar sem nefndin verður kynnt og sagt frá hlutverki hennar.

### 7. Mál. Leyfi fyrir skólaakstri.

Verið er að vinna í að allir sem annast skólaakstur hafi leyfin í lagi. Nefndin leggur mikla áherslu

á að þessi mál séu í lagi.

## 8. mál. Önnur mál.

Rætt var um greiðslur til kennara fyrir setu á námskeiðum.

Nefndin mælir með að skipulagt verði námskeið til að virkja foreldra í skólastarfi. Nefndin mælir einnig með því að gert verði ráð fyrir fjárveitingu til þessara mála á næstu fjárhagsáætlun.

Viðhald á húsnæði Grunnskólans á Þórshöfn. Nefndin hvetur til að gert verði stórátak í viðhaldsmálum enda er ástand byggingarinnar orðið mjög slæmt.

*Nú vikju kennarar og skólastjórnendur af fundi og menningarmálin tóku við.*

Nefndin ræddi hlutverk nefndarinnar gagnvart menningarmálum. Nefndin er sammála um að byrja smátt með því að reyna að fá rithöfund til að lesa upp úr verki sínu. Tilvalið er að gera þetta í desember til að brjóta upp þann annasama mánuð. Upplagt er að heyra í vopnfirðingum varðandi samstarf.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðni Hauksson, ritari.